

Alþingi 18.5.2017

Málsnr.:

1703369

Málalykill:

0.34.4

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. maí 2017


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfastofunnar, 371. mál

Athygli höfundaréttarnefndar hefur nýverið verið vakin á ofangreindu frumvarpi. Frumvarpið leggur til að nafni Einkaleyfastofunnar verði breytt í Hugverkastofan. Rök fyrir þeirri breytingu er að núverandi nafn stofnunarinnar sé of þröngt og villandi um starfsemi hennar. Höfundaréttarnefnd skilur forsendur tillögunnar um nafnbreytingu en telur hins vegar að nafnið Hugverkastofnun sé of vítt og verði þar af leiðandi líka villandi.

Almennt er greint á milli tveggja höfuðgreina hugverkaréttinda, annars vegar hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, málefni sem Einkaleyfastofan fer með undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, og hins vegar höfundaréttar, sem fellur undir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Það er margt sem greinir á milli þessara tveggja höfuðflokka hugverkaréttinda, ekki síst sú staðreynd að hugverkaréttindi á sviði iðnaðar eru almennt háð opinberri skráningu, á meðan til höfundaréttar stofnast án skráningar og formskilyrða. Þá hefur sögulega verið talið að hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, eins og nafnið bendir til, falli undir atvinnu- og iðnaðarmál en að höfundarétturinn tengist mest menningarmálum. Þessi aðgreining er langt því í frá að vera skýr því höfundaréttur er mjög mikilvæg undirstaða blómlegs iðnaðar og nýsköpunar. Því er alls ekki úr vegi að íhuga að setja þessi tvö skyldu málefni undir eina stofnun, sem þá gæti heitið Hugverkastofan. Það er hins vegar mikilvæg pólitísk ákvörðun sem rétt er að taka með undirbúningi og viðeigandi umræðu, ekki síst til að tryggja að áfram verði gætt að menningarþætti höfundaréttar og mikilvægi hans fyrir menningararfleifð þjóðarinnar. Sú umræða hefur ekki farið fram og því telur nefndin ekki rétt að breyta nafni Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofan að svo stöddu. Nafnið er ekki réttnefni nema að starfsvettvangi stofnunarinnar sé breytt, þ.e. að málefni höfundaréttar verði færð undir slíka stofnun. Nefndin telur ekki rétt að slíkt sé gert á óbeinan hátt eins og gæti orðið raunin með tillagðri nafnbreytingu og án allrar nauðsynlegrar umræðu.

Núverandi nafnavandi Einkaleyfastofunnar gæti hins vegar verið leystur á ýmsan hátt, t.d. með að nefna stofnunina Skráningarskrifstofa hugverkaréttinda á sviði iðnaðar (SHSI), Hugverkaskráning eða Vörumerkja- og einkaleyfastofa (VEL).

Fyrir hönd höfundaréttarnefndar,



Rán Tryggvadóttir, formaður